

Litli - Hver

Geðheilsa er
líka heilsa

Fjölmenni á Geysisdeginum 9. júní



Þessa frábæru mynd af Karlakórnum fóstbræðrum tók Helgi Halldórsson okkar síungi og káti ljósmyndari og félagi í Klúbbnum Geysi á Geysisdaginn 9. júní sl. Að vanda var margt áhugavert í boði bæði til hugar og maga. Örþonið var á sínum staða og fer þátttakendum alltaf fjölgandi í því.

Nokkrar myndir frá Geysideginum 9. júní 2018



Brúðurin og eldabuskan tóku þátt í örþoninu

Myndavélar af ýmsu tagi voru áberandi



Mótorhjálalöggan



Kústsystur mættu með stæl í örþonið



Grímuvorðlaunahafinn Guðrún Ásmundsdóttir tók óvænt lagið með Friðriki Erni



Alltaf fjör á Geysidegi



Friðrik Örn tók lagið





Hluti þátttakenda í örþoninu 2018



Soffía Björg kom, sá og spilaði



**Marteinn félagi í Geysi með Arnóri
félaga í Fjórtán fóstbræðrum**



Flóamarkaðurinn var á sínum stað

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
2. Aspassúpa	3. Fiskur í karrý með hrísgrjónum	4. Bjúgu mað kartöflumús	5. Hlaðborð	6. Bixímatur	7.
9. Ommiletta	10. Saltfiskur	11. Kjúklingur í karrý með hrísgrjónum	12. Hlaðborð	13. Útigrillaðir hamborgarar	14.
16. Grænmetis súpa	17. Steiktur fiskur	18. Grænmetis réttur	19. Hlaðborð	20. Pizza	21.
23. Pastasalat	24. Fiskibollur	25. Lasagne	26. Hlaðborð	27. Svikinn héri	28.
30. Blómkáls súpa	31. Hakkbollur með ritzkexi				

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að fjögga matseðil Klúbbsins Geysis. Mættu þá á eldhúsfund kl. 10:30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

Fjáröflun ferðasjóðs

Fjáröflun ferðasjóðs

gengur áætlega. Til sölu eru

lakkrispokar og hlauppokar á 1.000 kr. Einnig WC-pappír og/eða eldhúspappír á 4.000 kr. Hvetjum velunnara til að styrkja gott málefni. Einnig er hægt að kaupa bílapakka og flatkökur.



Ferðagögn og græjur

Minum ferðalangana á að gæta að ferðagögnum og að þau séu klár í tíma fyrir ferðina.

Sumarkveðja frá ferðafélaginu



Bergþór Grétar Bökkvarsson Reykvíkingur ársins

Klúbburinn Geysir Óskar Begga til hamingju með titilinn. Hann er flottur og verðugur Reykvíkingur 2018 og hefur unnið ötullt og gott starf í þágu geðheilbrigðismála. Til hamingju Bergþór. Myndin að ofan er úr grein í Morgunblaðinu 21. júní sl.

Reykjavíkurmaraþonið 2018

Reykjavíkurmaraþon fer fram á menningarnótt 18. ágúst. Góðir félagar ætla að hlaupa fyrir hönd klúbbsins. Hægt er að heita á þá með því að fara inná: www.hlaupastyrkur.is og leita að Styrktarfélag Klúbbsins Geysis. Einnig geta áhugsamir hlauparar sem vilja hlaupa fyrir Geysi skráð sig ennþá. Hægt er að styrkja hlauparana til 19. ágúst.

Tölvuverið

Tölvuver er í boði fyrir félaga í Klúbbnum Geysi á þriðjudögum frá kl. 11:15 til 12:15. Þar geta félagar fengið aðstoð og leiðbeiningar í notkun ýmissa forrita, eins og Word, Publisher, interneti og öðru sem félagar hafa áhuga á. Félagar eru hvattir til að kynna sér aðstöðuna og taka þátt.

Styrkir til klúbbsins Geysis

Heimilstæki gáfu klúbbnum Diner poppvél.

Rafland gaf klúbbnum Philips Espresso kaffivél.

BYKO gaf klúbbnum vöfflujárn fyrir belgískar vöffur.

Sigurður Andri í spjalli Heldur með Val í knattspyrnu, FH og KR í handbolta og Keflavík í körfunni.

Það er Sigurður Andri Sigurðsson sem hefur verið félagi í Geysi í 16 ár eða frá því að Geysir var á Ægisgötunni sem er í viðtali þennan mánuðinn. Sigurður Andri er samkvæmt nútíma stjórnmerkjafræðum Bogamaður en samkvæmt gangi himintunglanna er hann í Naðurvalda. En eins og segir á stjornuframmi.is: „Merkið er staðsett við miðbaug himins, nærri miðju Vetrarbrautarinnar.

Naðurvaldi er eitt þeirra 48 stjörnumerki sem Ptólmæos lýsir í ritum sínum. Ekki er víst að margir kannist við stjörnumerkið Naðurvalda enda er það frekar lágt á himni séð frá Íslandi vegna nálægðar við miðbaug himins. Naðurvaldi sést best frá Íslandi snemma kvölds á haustin eða síðla nætur á vorin. Nafnið „Naðurvaldi“ merkir einmitt „sá sem gætir höggormsins“. Á himinhvelfingunni er Naðurvalda svo lýst sem manni sem heldur á höggormi. Höggorminum er síðan skipt í tvennt, Höggormshalann og Höggormshöfuðið. Naðurvaldi er eina stjörnumerki dýrahingsins sem hefur ekkert tákn og er



aldrei tekið með í stjörnuspám.“

Sigurður Andri er 55 ára og líkar vel í Geysi. Sigurður er mikill áhugamaður um frímerki og safnar þeim. Einnig les hann góðar bækur og er hann hrifnastur biblíunni, Góða dátanum Svejk og Vefaranum mikla frá Kasmír.

Önnur áhugamál eru borðtennis og aðrar íþróttir. Þess má geta að Sigurður heldur með Val í knattspyrnu, FH og KR í handbolta og Keflavík í körfunni. Enda segist hann hafa verið á fjölmörgum fótbolta og handboltaleikjum í gegn um tíðina og hvatt



Sólin er í Naðurvalda milli 29. nóvember og 17. desember. Naðurvaldi er 13. stjörnumerki dýrhringsins. Mynd úr Stellarium hugbúnaðinum



Sigurður Andri tók þátt í pub-quizz Geðhjálpur fyrir hönd Klúbbsins geysis ásamt Fannari og Helga. Með þeim á myndinni er Þórunn Ósk framkvæmdastjóri Klúbbsins Geysis

sína menn. Sigurður Andri er líka mikill landleiksmaður og fór til dæmis á landsleik Ungverjalands og Íslands og fleiri leiki innan

innanlands sem utan.

Sigurður hefur unnið við margt í gegn um tíðina eins og trjárækt í Elliðaárdal, Iðnaðarbankanum og Umbúðamiðstöðinni, en í sumar verður hann að vinna í Elliðaárdalnum. Sigurður Andri er með stúdentspróf og nam lögfræði í Háskóla Íslands og hefur einnig verið við nám í tölvudeild Iðnskólans.

Sigurður Andri er mikill aðdáandi Bítlanna. Hljóma, Lúdó og Stefán og Ríó Tríói eru einnig í miklu uppáhaldi hjá honum og svo heldur Sigurður upp á staka listamenn úr ýmsum hljómsveitum.

Casablanca, Stella í orlofi, Borgarljós og James Bond er í miklum metum þegar kemur að bíómyndum og loka orð Sigurðar Andra að þessu sinni eru „ÍBV-menn standa alltaf með grafkyrra fæturna saman þegar þeir tala í símann til að spara skrefgjöldin“. Jú og Sigurður er á facebook.

Viðtal: Arnar Laufeyjarson

Sumarfrí

5. júlí næstkomandi fer Jacky í frí og kemur aftur 20. ágúst.

16. júlí fer Grace í frí og kemur aftur 23 júlí.



Litli-Hver

Heimsókn frá Bergen



Mikael Morten, May Britt og Anna Vald. Sem kíkti líka við stilltu sér upp fyrir ljósmyndarann.

May-Britt K og Morten B sem eru félagar í Fontenehuset Bergen komu í heimsókn í Klúbbinn Geysi 21. júní síðastliðinn. Þau höfðu verið að ferðast um suður og austurlandið og langaði að kíkja við í Geysis. Þau sögðust hafa átt ánægjulegan tíma á Íslandi og séð margt áhugavert og þá ekki síst hrifust þau af náttúru landsins. Þau voru viss um að þau myndu koma aftur að ári í heimsókn til Íslands. Við þökkum þeim kærlega fyrir innlitið og óskum þeim velfarnaðar í því sem þau taka sér fyrir hendur .

Húsfundir

Húsfundir eru miðvikudaga kl.14:30. Þar er rétti staðurinn fyrir félagi til að koma skoðunum sínum á framfæri og taka þátt í opnum umræðum.

Klúbburinn Geysir er opinn alla virka daga frá kl. 8:30 - 16:00, nema föstudaga er opið frá 8:30 - 15:00.

Félagsleg dagskrá í júlí 2018

Fimmtudagur 5. júlí

Ferð í IKEA

Fimmtudagur 12. júlí

Leikjadagur á Klambratún

Fimmtudagur 19. júlí

Lýðheilsugöngutúr í Kópavogi 1,5 km

Fimmtudagur 26. júlí

Opið hús.

Afmælisveislan fyrir félagi sem eiga afmæli í júlí verður þriðjudaginn 31. júlí kl. 14:00

Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **9:15** og **13:15**. Þar er farið yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Æskilegt er að félagar mæti á deildarfundina. Tökum ábyrgð og ræktum vináttuböndin.